

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Skammbeinsstaði 1D, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 9. júlí 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Skammbeinsstaði 1D. Á uppdrætti bætist við ný 12.601 m² lóð ásamt byggingarreit B4. Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 138 m² íbúðarhús með sambyggðum eða stakstæðum bílskúr, ásamt 60 m² gestahúsi og allt að 180 m² skemmu/geymslu. Aðkoma verður óbreytt. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 5. september 2025.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 19. september 2025